

23. janúar 2012

**Fundur í stjórn foreldrafélags Sunnulækjarskóla
4. fundur skólaárið 2011 - 2012**

Fundartími 17:30 – 18:30

Mættir voru: Linda Björk Sigurðardóttir, Anne B Hansen, Óskar Gunnarsson, Helena Herborg Guðmundsdóttir, Valborg Tryggvadóttir, Karen Guðmundsdóttir

Fundarstjóri: Linda Björk

Fundaritari: Óskar Gunnarsson

Fyrsta fundarefni var aðkoma foreldrafélagsins að skráningu Sunnulækjarskóla í Lífshlaupið og hvort foreldrafélagið ætlaði að koma að keppninni. Ákveðið var að reyna að hafa sama fyrirkomulag og í fyrra þ.e. að fá 10. bekkina í lið með foreldrafélaginu til að skrá árangur nemenda og þannig verið fjáröflun fyrir 10. bekk til útskriftarferðar í vor. Óskar tók að sér að hafa samband við tengla og fulltrúa 10. bekkjar og kynna áætlun.

Rætt var um árgjald í foreldrafélagið en það verður óbreytt eins og áður var samið um. Það hefur birst gíróseðill í heimabanka en árgjaldið er alveg valfrjálst svo það reiknast ekki dráttarvexti. Rætt var um að láta árgjaldið ekki koma til innheimtu svona nálægt jólum eins og nú. Þetta er svo erfiður tími til að innheimta gjöld.

Tilkynnt var að foreldrafélag Sunnulækjarskóla hafi verið tilnefnt til menntaverðlauna Suðurlands sem eru verðlaun sem Samband sunnlenskra Sveitafélaga veitir og var vænst til þess að stjórn foreldrafélagsins mætti á afhendingu verðlaunanna sem verða afhent í sal FSU þriðjudaginn 24. jan kl 17:00.

Rætt var um fyrirhugaðan fyrirlestur sem foreldrafélagið ætlar að standa fyrir ásamt foreldrafélagi Vallaskóla og stefnt er að halda fyrirnefndan fyrirlestur í mars. Rætt var um að tala við BES og athuga áhuga þeirra á að vera með. Linda Björk tekur að sér að hafa samband við foreldrafélögin.

Að lokum var rætt um að minna á í næsta fréttarbréfi miklivægi hjálmanotkunnar við hjólreiðar og notkunar barnastóla og þá staðreynd að börn eru ekki örugg spennt á sessu fyrr en þau hafa náð 36 kg þyngd.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 6. mars kl 17:30